

Mættir: Valgerður Jónsdóttir, Jonas Björk, Brynhildur Bjarnadóttir, Sigurlaug Hanna Leifsdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir og Sigurður Eiríksson.

Samningur við E-sveit:

Farið yfir drög að samningi við E-sveit. Formanni falið að vinna nánar að málinu.

Búningamál:

Formaður hefur gengið frá samningi við Höld vegna auglýsingar á Henson Samherjabúninga að upphæð 300 þús. Ákveðið að bjóða uppá pöntun á bæði Henson Samherja búningum og UMSE heilgalla nú í vor. Henson Samherja galli mun kosta 5.500 kr og verður auglýstur í sveitapósti. Ekki ljóst á þessum tímapunkti hvað UMSE heilgalli mun kosta en hann verður seldur á kostnaðarverði. Ritari semur auglýsingu um þetta í sveitapóst.

Íþrótt- og leikjaskóli:

Rætt um hvort ætti að bjóða uppá svona skóla fyrir yngsta stig í 2-3 vikur eftir skólalok. Stjórnin sammála um að svona starfsemi falli tæplega undir starfssvið félagsins. Samþykkt að senda erindi til íþrótt- og tómstundaneftndar þar sem þessi mál verða reifuð. Formaður sendir erindi.

Opinn dagur hjá sveitinni 25. apríl:

Ákveðið að kynna starfsemi Samherja á opna deginum milli kl 10 og 12 í/við Hrafnagilsskóla. Sumardagskrá félagsins verður kynnt sem og þau mót sem félagið stefnir á að fara á, í sumar. Boðið verður uppá ís, þrautabraut og þjálfarar verða á staðnum. Formaður hefur yfirumsjón og aðrir stjórnarmeðlimir aðstoða eftir getu.

Skipan í foreldraráð (tengiliður stjórnar við íþróttgrein):

- Borðtennis – Lilja
- Sund – Sigurlaug Hanna
- Frjálssar – Heiðdís
- Boltagreinar – Siggí
- Skák – Valgerður
- Badminton – Brynhildur

Tengiliðir ræða við sína þjálfara um æfingatíma ofl. Bæði með sumarið og næstkomandi vetur í huga. Mikilvægt að fá sem fyrst upplýsingar um þau mót sem taka á þátt í, í sumar.

Skráningarkerfið Felix:

Jónas tekur að sér yfirumsjón með skráningu iðkenda í Felix. Skráningu þarf að vera lokið fyrir 15. apríl. Tengiliðir stjórnar sjá um að biðja þjálfara í sinni grein að skrá iðkendur. Þjálfarar hafa lokafrest til að skrá í Felix til 12. apríl og stjórn hefur þá nokkra daga til að fara yfir. Siggí og Jónas munu bera ábyrgð á loka skilum í Felix.

Blómasala um Hvítasunu:

Stefnum á sama fyrirkomulag og í fyrra.

Handverkshátíð:

Einum undirbúningsfundi er lokið. Ákveðið að halda vinnufund stjórnar fljótlega og skoða fyrirkomulag veitingasölu.

Heimasíða:

Jónas hefur yfirumsjón. Tengiliðir hvetja þjálfara til að setja inn fréttir, viðburði og myndir.

Gamlar fundargerðir: Formaður og ritari taka að sér að fara yfir þær, númera og setja inná heimasíðuna. Ritari tekur að sér að fá upplýsingar um dropbox (þar sem gamlar fundargerðir eru) og um netfangið samherjar@gmail.com.

Sniðmát um starfsemi félagsins:

Stjórn sammála um að búa þurfi til sniðmát um starfsemi félagsins. Þar kæmu fram t.d hvar og hvenær væri hægt að sækja um styrki, hvaða dagsetningar eru mikilvægar ofl. Formaður hefur samband við Þorstein hjá UMSE varðandi þetta.

Samherjastyrkur:

Ungmennafélagið fékk 300.000 kr styrk frá Samherja þetta árið. Stjórn ákveður að nota styrkinn til að niðurgreiða keppnisferðir og nánari útfærsla kemur síðar. Senda þarf skýrslu/bréf um ráðstöfun peninganna. Muna að vera tímanlega næsta ár í að sækja um.